

KLS - Fagjársfestasjóður

Árshlutareikningur 30. júní 2018

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðra endurskoðenda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sundurliðanir .....	7
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Árshlutareikningur sjóðsins KLS er hluti af B-hluta árshlutareiknings Stefnis hf. sem inniheldur árshlutareikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða rekstrarfélagsins. Hann er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Hagnaður 87 þús. krónur varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu janúar - júní 2018 samkvæmt rekstrarreikningi. Hrein eign sjóðsins í júnílok 2018 nam 1.271 þús. króna samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið janúar - júní 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. ágúst 2018.

Í stjórn félagsins:

Árni Ruedolfsson  
Hjónfráttur  
Þórunn Gunnars  
Ragnm. Jóns  
Jónn L. Alfrann

Framkvæmdastjóri:

Þórunn Gunnars

# Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

## Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina í KLS

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning KLS fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2018. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum sjóðsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2018 og breytingu á hreinni eign sjóðsins á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Reykjavík, 16. ágúst 2018.

Deloitte ehf.

  
Páll Grétar Steingrímsson  
endurskoðandi

  
Pétur Hansson  
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign á tímabilinu janúar - júní 2018

		1.1. -30.6. 2018	1.1. -30.6. 2017
	<b>Skýr.</b>		
<b>Tekjur</b>	2-5		
Vextir .....		126.615	200.781
Verðbætur .....		75.053	0
<b>Tekjur samtals</b>		201.668	200.781
<b>Gjöld</b>			
Umsýslupóknun rekstrarfélags .....	6	4.400	4.396
Vextir og verðbætur .....		197.181	196.310
<b>Gjöld samtals</b>		201.581	200.706
<b>Hreinar tekjur (gjöld) .....</b>		87	75
<b>Afkoma færð á hlutdeildarskírteini .....</b>		87	75
<b>Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun .....</b>		1.184	1.030
<b>Hlutdeildarskírteini í lok tímabilsins .....</b>		1.271	1.105

# Efnahagsreikningur 30. júní 2018

			30.06.2018	31.12.2017
		<b>Skýr.</b>		
<b>Eignir</b>				
Fjárfestingar:				
Framseljanleg verðbréf .....			5.912.723	5.901.113
	Fjárfestingar samtals	7	5.912.723	5.901.113
Aðrar eignir:				
Reiðufé .....		8	454	299
Aðrar eignir .....		9	242	295
	Aðrar eignir samtals		696	594
	<b>Eignir samtals</b>		5.913.419	5.901.707
<b>Skuldir</b>				
Útgefin skuldabréf .....			5.894.534	5.884.380
Skuld við rekstrarfélag .....			17.614	16.143
	<b>Skuldir samtals</b>		5.912.148	5.900.523
<b>Hrein eign í lok tímabilsins .....</b>			<b>1.271</b>	<b>1.184</b>
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina (í þús. ) .....			600	600
Gengi hlutdeildarskírteina í lok tímabilsins .....			2,12	1,97

# Sundurliðanir

## 1. Hlutfallsleg skipting á eignasafni.

	Eignir 30.6.2018	Hlutf. %	Eignir 31.12.2017	Hlutf. %	Útgefandi
<b>Önnur framseljanleg verðbréf:</b>					
Lánssamningur við RA 5 ehf. ....	5.912.723	100,0	5.901.113	100,0	RA 5 ehf.
Önnur framseljanleg verðbréf, alls .....	5.912.723	100,0	5.901.113	100,0	
Fjárfestingar alls .....	5.912.723	100,0	5.901.113	100,0	
Reiðufé .....	454	0,0	299	0,0	
Aðrar eignir .....	242	0,0	295	0,0	
Eignir alls .....	5.913.419	100,0	5.901.707	100,0	

## 2. Samanburður við fjárfestingarstefnu.

	Fjárfestingar 30.6.2018	Hlutf. af fjárfest. %	Fjárfestingar 31.12.2017	Hlutf. af fjárfest. %	Fjárfestingarstefna %	
					Lágmark	Hámark
Lánssamningur við RA 5 ehf. ....	5.912.723	100,0	5.901.113	100,0	0	100
Innlán fjármálarfyrirtækja og reiðufé .....	0	0,0	0	0,0	0	100
Heildarverðmæti fjárfestinga .....	5.912.723	100,0	5.901.113	100,0		

## 3. Uppsöfnuð heildarkaup og heildarsala verðbréfa.

	Uppsöfnuð kaup 2017 1.1.-30.6.2018	Uppsöfnuð sala 1.1.-30.6.2018	Uppsöfnuð kaup 2017	Uppsöfnuð sala 2017
Innleystar eignir .....	0	0	0	0
	0	0	0	0

## 4. Flokkun fjárfestinga eftir landsvæðum og myntum.

		Fjárfestingar 31.12.2017	Hlutf. af fjárfest. %	Fjárfestingar 31.12.2016	Hlutf. af fjárfest. %
Ísland .....	ISK	5.912.723	100,0	5.901.113	100,0
		5.912.723	100,0	5.901.113	100,0

# Sundurliðanir, frh.

## 5. Yfirlit yfir stærstu eignir.

	Eignir 30.6.2018	Eignir 31.12.2017	Breyting	Hlutfall br. af heildareign
Lánssamningur við RA 5 ehf. ....	5.912.723	5.901.113	11.609	0,2%
Stærstu eignir (1) .....	5.912.723	5.901.113	11.609	0,2%
Aðrar eignir .....	696	594	102	0,0%
Heildareignir .....	5.913.419	5.901.707	11.711	0,2%

## 6. Hrein eign og gengi.

	30.6.2018	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2015
Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina .....	1.271	1.184	1.030	896
Kaupgengi hlutdeildarskírteina .....	2,12	1,97	1,72	1,49

## 7. Ávöxtun.

	30.06.2018	2017	2016	2015
Nafnávöxtun .....	7,29%	14,96%	15,04%	16,74%
Raunávöxtun .....	5,92%	13,00%	12,68%	14,45%

## 8. Útgefin skuldabréf.

Sjóðurinn gefur út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

Greiðslur af lánssamningum í júnílok 2018:

	Virði
Til greiðslu 2018-2019 .....	222.967
Til greiðslu 2019-2020 .....	140.628
Til greiðslu 2020-2021 .....	146.596
Til greiðslu 2021-2022 .....	152.818
Til greiðslu 2022-2023 .....	159.303
Til greiðslu síðar .....	5.072.222
	<u>5.894.534</u>

# Skýringar

---

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Starfsemi

Sjóðurinn KLS fagfjárfestasjóður var stofnaður 20. febrúar 2013. Markmið sjóðsins er að ávaxta þá fjármuni, sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir útgefin hlutdeildarskírteini með því að gefa út skuldabréf og aðra fjármálagæringa. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðslufleißi vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánsamnings sem hann hefur gert.

### 2. Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur KLS er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Árshlutareikningur sjóðsins er ekki hluti af árshlutareikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

### 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareikninga þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði árshlutareikningsins, sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### 4. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við neysluverðsvísitölu sem tók gildi í júlíbyrjun 2018. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning viðkomandi sjóðs.

### 5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

### 6. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir Stefni hf. umsýsluþóknun, sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, endurskoðun, eftirlitskostnað FME, markaðskostnað og umsýslu. Af þeirri þóknun greiðir Stefni hf. vörsluþóknun til Arion banka hf. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall 0,15% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins).

### 7. Verðbréf með föstum tekjum

#### Lánsamningur

Sjóðurinn fjárfesti í verðtryggðum lánsamningum. Í bókhaldi sjóðsins eru lánsamningarnir uppreiknaðir miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

### 8. Reiðufé

Reiðufé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

### 9. Aðrar eignir

Til annarra eigna teljast óframkomin og óuppgerð viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til lækkunar við gengisútreikning til annarra eigna.

### 10. Aðrar skuldir

Til annarra skammtímaskulda telst óuppgerður fjármagnstekjuskattur og óframkomin og óuppgerð viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til lækkunar við gengisútreikning til annarra skulda.

## Skýringar, frh.:

---

### 11. Skattamál

Fagfjárfestasjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum teljast til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.